

Sviðsljós

Sviðsljós

Sviðsljós

Sviðsljós

Karólína Eiríksdóttir tónskáld

Verð aldrei leið á tónlist

Ég er um þessar mundir að vinna að pianóverki en ég er á starfslaunum í vetur og stunda því enga kennslu. Þetta er ekki samið fyrir neinn ákveðinn pianóleikara og það er ekkert ákveðið hvernig verk þetta verður eða hversu langt. Ég er löngu byrjuð að fást við það, en kraftar mínir, eins og annarra íslenskra tónlistarmanna, eru dreifðir og ég hef meðal annars verið að vinna að hljómplötuútgáfu að undanförmu. Ég sest niður þegar ég hef tíma og þá ganga tónsmíðarnar ágætlega. Ég hef áður samið eitt

píanóverk, það var fyrir Eddu Erlendsdóttur. Mér finnst yfirleitt skemmtilegast að semja það sem ég er með í takinu hverju sinni, en það má þó kannski segja að það heilli mig meira að semja verk fyrir stóra hljómsveit. Þar hef ég meira val. En ég er ekki að semja neitt í bili nema þetta pianóverk, mér finnst ekki gott að vera með margt í gangi í einu. Ég klára þetta vonandi fyrir vorið, ætla að reyna það, en svo veit ég ekki hvað ég tek mér fyrir hendur. Hvort ég spili sjálf? Jú, ég spila á

píanó en hef nú lítið æft mig undanfarin ár. Það hefur bæði dökkar og ljósar hliðar að vera tónskáld, en ætli ég hafi ekki lúmskt gaman af því. Allavega sé ég síður en svo eftir því að hafa valið mér það hlutskipti þó að þetta sé þyrnum stráð braut og útilokað hér á landi að lifa á tónsmíðum einum saman. Það eru, held ég, öll íslensk tónskáld í annarri vinnu. Svo er einkenni á tónlistarlífi hér á landi að tónlistarfólk er sífellt í sjálfbóðaliðastarfi: Að skipuleggja tónleika, vinna



Karólína Eiríksdóttir: „Mér finnst yfirleitt skemmtilegast að semja það sem ég er með í takinu hverju sinni.“

að útgáfu, kynningu erlendis og svo framvegis. Annars væri ekkert gert á þessum vettvangi, það er ekki miklum peningum varið til tónlistarstarfa á Íslandi. Það er misjafnt hvað ég hlusta mikið

á tónlist. Stundum hlusta ég ekki neitt, verð að hvíla eyrað og hugann. En ég verð aldrei leið á tónlist. Uppáhaldstónskáld? Nei, ég get varla sagt að ég eigi neitt uppáhaldstónskáld, en gæti svo sem nefnt hann Mozart.

Atli Heimir Sveinsson tónskáld

Hvað ég er að gera þessa dagana?




Ýmislegt. Til dæmis er ég að reyna að setja saman lítið kórverk, en það gengur ekki alltof vel. Maður verður þá að halda áfram að vinna, – vinna svo mikið að stritið þurrkist burt úr verkinu og allt sem eftir situr sé eins og það hafi sprottið fram fyrirhafnarlaust, af sjálfu sér og fyrirhafnarlaust. Nú, svo er ég að lesa yfir ballettinn Tímann og vatnið sem ég er búinn með. Þetta er tveggja tíma dansverk við ljóð Steins Steinars fyrir þrjá einsöngvara, kór og hljómsveit, – og svo auðvitað Íslenska dansflokkinn. Verkið var samið fyrir Þjóðleikhúsið, ég var einu sinni á starfslaunum við að semja það í hálf ár. En síðan eru liðin nær tvö ár og uppsetning er ekki í sjónmáli svo ég viti. Þjóðleikhússtjóri ber við peningaskorti og það kann að vera rétt. En það

er ekki hægt að fá menn til að semja stór verk til að loka niðri í skrifborðskúffunni um aldur og ævi. Ég á stundum erfitt með að slíta mig frá verkum, það er endalaust hægt að fægja og betrubæta smáatriði. Og ég hef eiginlega pakkað ballettinum niður. Svo er ég að leggja seinustu hönd á eins konar ljóðasinfóníu: Nóttin á herðum okkar við ljóð eftir Jón Óskar. Það verk hefur verið lengi í deigluinni. Verkið er samið fyrir sópranródd, altródd og stóra hljómsveit. Svo er ég að undirbúa framtíðina: ný verk og stór, kannski sinfóníu, nýja óperu, einleikskonsert. Maður verður að sjá hvaða form hugmyndirnar velja sér. En ég vildi hafa meira næði og meiri tíma.

Ásgerður Búadóttir

Algjör miðaldatækni sem ég nota

Ég er ekki að vinna að neinu sérstöku verkefni, þó ég sé auðvitað alltaf að fást við eitthvað sérstakt. Ég vinn helst á hverjum degi, sem er svo sem ekki í frásögur færandi, laugardaga og sunnudaga ef svo ber undir. Þetta er nefnilega algjör miðaldatækni sem ég nota við myndvefnaðinn og það dugar ekki annað en að vera svolítið iðin ef á að sjást einhver árangur. Varðandi sýningar, þá tók ég þátt í samsýningu úti í Kaupmannahöfn í janúar með Kolorist-erne. Það er þekktur listamannahópur sem sýnir árlega á Den Frie. Ég var að sýna með þeim í fimmta skipti núna og hef gert það svona annað hvert ár. Ég sýni með þeim sem nokkurs konar fastagestur. Eftir að þeir buðu mér í fyrsta skipti hef ég getað haft mína henti-semi með það hvenær ég vil vera með. Með sýningu hér heima er allt óráðið.



Ásgerður Búadóttir: „Ég vinn helst á hverjum degi, sem er svo sem ekki í frásögur færandi.“